


Akureyri, 16. mars 2004

Menntamálanefnd Alþingis  
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Tilvísun: *Bréf menntamálanefndar dagsett 27. febrúar sl. þar sem leitað er  
umsagnar um tillögu til þingsályktunar um háskóla á Vestfjörðum,  
317. mál.*

Háskólinn á Akureyri hefur kynnt sér ofangreinda þingsályktunartillögu og þakkar  
fyrir tækifærið til að láta í ljós álit sitt á henni. Umsögn háskólans er hjálögð.

Virðingarfyllst,

  
Laufey Sigurðardóttir, ritari rektors

## **Umsögn Háskólans á Akureyri um tillögu til þingsályktunar um háskóla á Vestfjörðum, 317. mál.**

Háskólinn á Akureyri fagnar fyrirætlunum um aukningu á námsframboði á háskólastigi á landsbyggðinni og styður þær sem eitt mikilvægasta byggðamál hér á landi. Háskólinn á Akureyri hefur frá árinu 1998 boðið upp á fjarnám á Vestfjörðum. Nú er boðið upp á fjarnám í fjórum deildum háskólans, þ.e. heilbrigðisdeild, rekstrar- og viðskiptadeild, auðlindadeild og kennaradeild. Samtals eru um 532 nemendur sem stunda fjarnám á nítján stöðum á landinu. Þetta er um 36% af heildarfjölda nemenda við háskólann. Fjarnám er skipulagt í nánú samstarfi við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar sem starfa á landsbyggðinni. Námsframboð er sniðið að áhuga heimamanna hverju sinni. Háskólinn hyggst halda áfram að leggja mikla áherslu á fjarnám og sinna þannig þörfum landsbyggðarinnar fyrir háskólamenntað fólk. Háskólinn á Akureyri býður upp á eftirtaldar greinar í fjarnámi á Vestfjörðum: hjúkrunarfræði, kennaranám, sjávarútvegsfræði og viðskiptafræði og stunda a.m.k. 35 nemendur þetta nám á þessu skólaári. Fjarnámið fer fram á Ísafirði og Patreksfirði í samvinnu við Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Árangur nemenda er góður og fyllilega sambærilegur við það sem gerist hjá staðarnemendum.

Ljóst er að þarfir Vestfjarða fyrir háskólamenntun eru miklar þar sem menntunarstig er lægra en víða annars staðar á landsbyggðinni. Eins er ljóst að þörf er á að auka framboð á fjarnámi til að mæta hinum ólíku þörfum hvers svæðis. Háskólinn á Akureyri telur að þessum þörfum verði best mætt á Vestfjörðum með því að efla fjarnám frá öðrum háskólum, í samvinnu við Fræðslumiðstöð Vestfjarða eða háskólanámssetur, frekar en s tofnaður v erða s érstakur háskóli. Á stæður þessar eru m.a.:

- Ólíklegt er að einn fámennur háskóli geti boðið upp á eins fjölbreytt nám og þarf fyrir Vestfirði. Tekin hafa verið dæmi um uppbyggingu annarra háskóla svo sem Viðskiptaháskólans á Bifröst sem fyrirmynd fyrir háskóla á Vestfjörðum. Þar eru hins vegar aðeins kenndar tvær megingreinar þ.e. viðskiptafræði og lögfræði en ólíklegt er að svo takmarkað námsval uppfylli þarfir Vestfirðinga.
- Háskóli sem s tofnun getur s kaðað s veigjanleika í námi og námsframboði á svo takmörkuðu upptökusvæði sem Vestfirðir eru. Líklegra er að hægt verði að ná fram meiri sveigjanleika með rekstri á háskólasetri með tilliti til þátta eins og að ná lágmarksfjölda til að kenna einstök námskeið. Þannig má bjóða upp á nám í einstökum námsgreinum t.d. hjúkrunarfræði á fjögurra ára fresti.
- Kröfur til háskólastarfsemi eru sífellt að aukast þar sem áhersla er á gæði og rannsóknir sem gera litlum háskólum erfitt fyrir.

Háskólinn á Akureyri styður þær hugmyndir sem fram hafa komið um eflingu háskólaseturs og háskólastarfsemi á Ísafirði og eins og áður segir hefur Háskólinn verið með skipulegt fjarnám á Ísafirði síðan 1998. Háskólinn á Akureyri hefur hug á að efla þetta starf enn frekar og hefur auglýst eftir háskólakennara í veiðafæratækni


sem staðsettur verði á Ísafirði. Einnig hefur Háskólinn á Akureyri í samvinnu við Ísafjarðarbæ og fleiri stofnanir stutt að rannsóknamiðstöð í eldis-og veiðitækni verði stofnuð á Ísafirði.

Þessu til viðbótar er eðlilegt að skoða hvernig hægt verði að efla almennt háskólanám í grunngreinum (svo sem stærðfræði, tölfraði, tungumálum, aðferðafræði, félagsfræði og heimspeki) sem yrði undanfari annars háskólanáms. Starfandi háskólar gætu annast þetta í nánum tengslum við háskólasetur á Ísafirði og leitað til hæfra kennara m.a. við Menntaskólann á Ísafirði til að aðstoða við kennslu.

Mikilvægt er að byggt verði á þeim styrkleika sem til staðar er á Vestfjörðum, með tilliti til náttúru, sögu, atvinnulífs og þekkingar, til að byggja upp enn frekari starfsemi tengda rannsóknum og háskólakennslu. Dæmi um þetta er að í auknum mæli verði lögð áhersla á að laða að nemendur sem stunda rannsóknir í meistara- og doktorsnámi. Jafnframt að byggðar verði upp stofnanir sem tengjast rannsóknum sem byggja á styrkleika svæðisins. Ljóst er að vandamál eru tengd þessu þar sem afleitlega hefur gengið að fá stofnanir sem eru staðsettar á Reykjavíkursvæðinu til að efla starfsemi sína á landsbyggðinni. Breytingar á fjármögnun rannsókna þar sem minna fjármagn er sett í grunnfjármögnun og meira í samkeppnissjóði gerir útibúum og litlum rannsóknæiningum erfðara fyrir en áður. Þetta hefur í för með sér þá hættu að niðurskurður verði á starfsemi útibúa á landsbyggðinni. Því er mikilvægt að stjórnvöld tryggji að fjármagn verði bundið starfsemi á stöðum eins og Ísafirði svo tryggt verði að rannsóknarstarfsemi eflist þar.

Niðurstaðan er sú að Háskólinn á Akureyri telur mikilvægt að fjölga námstækifærum á Vestfjörðum og það verði best gert með öflugum háskólasetri sem miðli fjarnámi í nánú samstarfi við háskóla sem nú eru starfandi innanlands sem og erlendis. Jafnframt verði byggð upp háskólakennsla í grunngreinum og á völdum sérsviðum þar sem eftirsóknaverð þekking er fyrir hendi á Vestfjörðum. Til þess að svo megi verða þarf að koma á fót öflugum samstarfi háskóla, rannsóknaaðila og háskólaseturs á Vestfjörðum. Umrætt verkefni þarf að vera stutt með tryggum fjárveitingum þannig að umrædd háskólastarfsemi eigi sér stað á svæðinu. Háskólinn á Akureyri er sem fyrr reiðubúinn að vinna með stjórnvöldum og heimamönnum að enn frekari uppbyggingu háskólastarfsemi á Vestfjörðum. Háskólinn mælir hins vegar ekki með að sú leið verði farin sem umrædd þingsályktunartillaga leggur til um sjálfstæðan háskóla á Vestfjörðum.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Gunnarsson, rektor